

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. maí 2010
Tilvísun: UST20100400087/bs

Snæfellsvegur (54) um Fróðárheiði, Valavatn-Útnesvegur (574)

Vísað er til bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða endurbyggingu Snæfellsnesvegjar á rúmlega 5 km löngum kafla frá Valavatni á Fróðárheiði að Útnesvegi við Fróðárvaðal.

Vegurinn er endurbyggður að hluta á veghelgunarsvæði núverandi vegar. Mest víkur hann um 300 metra frá núverandi vegi. Mörk svæðis nr. 223 afmarkast til austurs af núverandi vegi um Fróðárheiði. Umhverfisstofnun telur að færsla vegjarins á þessum stað hefi ekki neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðis nr. 223 á náttúruminjaskrá.

Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er um 370.000 m³ og kemur efni í burðarlög vegjarins úr skeringum, núverandi vegi og námu. Ráðgert er að opna nýja námu nærri Valavatni.

Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum um fyrirhugaða efnistöku og efnisvinnslu.

Svör bárust með bréfi Skipulagsstofnunar dags. 10. maí sl. Þar kemur fram að Vegagerðin ráðgerir að náman verði nýtt næstu 20 árin sem viðhaldsnáma og verði á þeim tíma teknir um

15.000 m³ úr námunni til viðbótar við þá 10.000 m³ sem taka þarf vegna umræddrar

endurbyggingar. Vinnsla og haugsetning efnis verður á gömlu námusvæði vestan núverandi vegar. Samráð verður haft við Umhverfisstofnun um frekari tilhögun vinnslu og frágangs.


Núverandi vegur verður fjarlægður þar sem hann nýtist ekki sem reiðvegur.


Við fyrirhugaða framkvæmd verður ekki raskað jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jarðmyndanir á fyrirhuguðu

framkvæmdasvæði eru algengar á norðanverðu Snæfellsnesi. Gróðurfar á svæðinu einkennist af algengum tegundum og þar er ekki vitað um sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri